

L ö g39
19. júní

um

lausafjárkaup.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 29. gr. í lögum 19. júní 1922, um breytingu á almennum viðskiftalögum, nr. 31, 11. júlí 1911, höfum látið semja texta nefndra laga 11. júlí 1911 með þeim breytingum, sem ræðir um í tjeðum lögum 19. júní 1922, og gefum hann hjer með út sem lög um lausafjárkaup.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæðum laga þessara skal þá aðeins beita, er ekkert annað er um samið berum orðum eða verður álitid fólgið í samningi eða leiðir af verslunartísku eða annari venju.

Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

2. gr.

Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

Ákvæði laga þessara um kaup gilda einnig, eftir því sem við á, um skifti.

3. gr.

Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki aðeins átt við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð hluta af tilgreindri tegund, heldur og við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð úr ákveðnum hóp eða magni hluta.

4. gr.

Þá er talað er í lögum þessum um verslunarkaup, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í verslunarrekstri þeirra eða í þágu hans.

Kaupmaður er í lögum þessum hver sá talinn, sem rekur það starf, að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt, er rekur víxlarastarf eða banka-
starf, váttryggingarstarf, umboðsverslun eða forlagsverslun, lyfsölu, veitingar,

39 handiðn, verksmiðjuíðnað eða námugróft, mannvirkjagerð eða flutning fólks, 19. júní muna eða orðsendinga. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, er rekur veitingar, handiðn eða flutninga, svo framarlega sem eigi vinna aðrir að því starfi með honum en konan með manni sínum, maðurinn með konu sinni, börn hans innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs.

5. gr.

Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjarnt.

6. gr.

Nú er í verslunarkaupum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki verði því, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, og er hann þá skyldur að gjalda það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

7. gr.

Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stund, er hættan við að varan farist, flyst yfir á kaupanda.

8. gr.

Ef kaupverð er miðað við þunga vöru, skal svo meta sem umbúðir beri frá að draga.

Um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut (afhendingarstaðinn).

9. gr.

Seljandinn á að skila af sjer seldum hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sjer á atvinnustöð sinni.

Ef hluturinn var á öðrum stað á þeim tíma, er kaupin gerðust, og vissu báðir sammingsaðilar um það, eða áttu að vita, þá skal svo álíta, að hlutnum eigi þarf að skila, sem hann þá var.

10. gr.

39

19. júní

Ef seljandi á að senda seldan hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, þá er svo álitnið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur flutningsmanns þess, er tekist hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan, sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn á skipi, þá skal telja honum skilað, er hann er kominn á skipsfjöl.

11. gr.

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og á seljandi að sjá um sendingu selds hlutar til kaupanda, og skal þá hlutnum eigi talið skilað fyr en hann er kominn í vörslur kaupanda.

Um eindaga samninga.

12. gr.

Ef ekkert hefir verið ákveðið um það, hvenær kaupverð skuli greitt eða seldum hlut skilað, og atvik liggja eigi svo til, að af þeim megi ráða, að þetta skuli gera svo fljótt sem unt er, skal líta svo á, að kaupverð beri að greiða og hlut að afhenda, hvenær sem krafist er.

13. gr.

Nú er frestur ákveðinn fyrir því, hvenær seldum hlut skuli skila, og er þá seljanda rjett að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs, innan þess frests nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.

Um rjett til að krefjast, að hönd selji hendi á báðar hliðar.

14. gr.

Ef enginn frestur hefir veittur verið af hendi hvorugs aðila, þá er seljandi ekki skyldur að láta af hendi seldan hlut, nema kaupverðið sje samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis hlutinn til umráða.

15. gr.

Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstað, og heimila þá ummæli næstu greinar hjer á undan seljanda ekki að láta vera að senda hlutinn, en varna má hann því, að kaupandi fái hlutinn í sínar vörslur meðan kaupverðið er ógreitt.

39
19 júní

16. gr.

Nú er um verslunarkaup að tefla og er við sendingu hlutarins frá afhendingarstað til ákvörðunarstaðar notað farmskírteini eða farmbrjef, er svo er lagað, að seljandi missi umráð yfir hlutnum þá er farmskírteinið eða farmbrjefið er afhent kaupanda, og skal þá kaupverðið greitt um leið og farmskírteinið eða farmbrjefið er afhent, samkvæmt reglum þeim, er settar eru í 71. gr. hjer á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut.

17. gr.

Hættan á því, að seldur hlutur farist af tilviljun, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til hann hefir skilað hlutnum af sjer eða afhent hann (sbr. 9.—11. gr.).

Ef það er ákveðinn hlutur, sem seldur var, og kaupandi átti að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og hann er á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að gjalda kaupverðið, þó að svo atvikist, að hluturinn farist eða skemmist af hendingu.

Um arð af seldum hlut.

18. gr.

Nú ber seldur hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði mundi ekki falla til fyr en síðar.

Þann ágóða, sem af seldum hlut fæst eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema ástæða hafi verið að ætla, að sá ágóði mundi fyrri til falla.

19. gr.

Ef maður kaupir hlutabrjef, þá er í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn þega kaup gerðust.

Nú fylgir hlutabrjefinu rjettur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabrjefi, eða hlutabrjefið fær þann rjett síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

20. gr.

Ef maður kaupir skriflega skuldakröfu, sem ber vöxtu, þá eru í kaupinu vextir þeir, sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending á síðar að fara fram en kaup. Ef það sjest ekki af atvikum, að krafan hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða umfram kaupverðið og samtímis því svo mikið fje, sem vöxtunum svarar.

21. gr.

Nú afhendir seljandi ekki seldan hlut á rjettum tíma, enda sje þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupnið.

Hafi drátturinn haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda, eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, þá getur kaupandi ekki rift kaupnið, nema hann hafi áskilið sjer, að hluturinn yrði afhentur sjer á nákvæmlega tilteknum tíma.

Í verslunarkaupum er sjerhver dráttur metinn verulegur, nema það sje aðeins lítill hluti hins selda, sem afhending hefir dregist á.

22. gr.

Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sjerstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan aðeins rjett á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann eigi riftað kaup að því er til síðari afhendinga kemur, ef vænta má, að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift alt kaupnið í heild sinni, ef það samband er í milli afhendinganna, að það veiti tilefni til þess.

23. gr.

Nú er kaup gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á þá seljandi að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

24. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er seljandi skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sje ekki honum að kenna nema hann hafi áskilið sjer að vera undan þessari skyldu þeginn, eða telja verður að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum var alls eigi auðið að efna það, sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af hinu tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farist; svo er og ef styrjöld tekur fyrir efndir, eða aðflutningsbann eða því um líkt.

25. gr.

Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaðabótum samkvæmt 23. eða 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því sem verð hluta af sömu tegund

39 og gæðum sem hinir seldu hlutir er hærra, þá er afhending átti fram að fara, 19 júní heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sje, að meira tjón eða minna hafi af hlotist.

26. gr.

Nú er afhendingarfrestur út runninn, en hinn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rjett sinn til að heimta hlutinn sjer afhentan. Sama er og í verslunarkaupum þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann æski að kaupið haldist.

27. gr.

Nú hefir seldur hlutur verið afhentur eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís þá er hluturinn kemur honum í hendur, eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að hluturinn hefir verið afhentur síðar en um var samið, og verður hann þá að skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla, en ella án óþarfrar tafar, að hann ætli sjer að neyta rjettar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rjett sinn til að bera fyrir sig dráttinn. Ætli kaupandi sjer að neyta rjettar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá því án óþarfrar tafar, ella missir hann þann rjett sinn.

Um drátt af kaupanda hendi.

28. gr.

Ef kaupverð er ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, þá má seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sje drátturinn óverulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í verslunarkaupum er sjerhver dráttur talinn verulegur.

Nú er það, sem selt var þegar komið í vörslur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annaðhvort sje, að álíta verður, að hann hafi áskilið sjer þenna rjett, eða þá kaupandi neitar að taka við hlutnum.

29. gr.

Sje svo um samið, að seljandi afhendi smátt og smátt, og andvirði skuli greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá, er meta má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rjett á að rifta kaupin á öllu því, er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sje til að óttast, að

dráttur muni aftur að höndum bera. Þetta á sjer stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr. rift kaupið er kemur til þeirrar sendingar, sem andvirði dróst fyrir. 39
19. júní

30. gr.

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. eða 29. gr., og á hann þá rjett til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð hins selda á þeim tíma, er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi meira tjón eða minna af hlotið.

31. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að eindagi sje liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn frá kaupanda um þetta. Sje um verslunarkaup að ræða, skal seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, tilkynna honum það innan hæfilegs tíma, enda þótt kaupandi hafi enga fyrirspurn gert um það.

32. gr.

Nú er kaupverðið greitt of seint eða ráðstöfun sú, sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu að skýra kaupanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rjett sinn til að rifta kaupin.

33. gr.

Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja hins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á rjettum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess rjettar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á viðtökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því að eins við, að þar sje einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveislu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

34. gr.

Geti seljandi ekki haldið áfram að annast hlutinn, án verulegs kostnaðar eða óþæginda, eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rjett að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda viðvart áður í tæka tíð, ef auðið

39 er. Ef hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, þá getur kaupandi ekki mótmælt því verði, sem við sölu fæst. Ef eigi er 19. júní auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, þá er seljanda rjett að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

35. gr.

Nú er hlutnum hætt við bráðum skemdum eða geymsla hans hefir í för með sjer ýkjumikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir að niðurlagi 34. gr.

36. gr.

Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveislu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rjett á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

37. gr.

Ef seldur hlutur er í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerst þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á rjettum tíma, þá flyst ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að tefla, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyr en ákveðnum hlutum hefir verið af skift og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði.

38. gr.

Ef tiltekinn eindagi er ákveðinn á greiðslu kaupverðs í verslunarkaupum og kaupverðið eigi greitt á rjettum tíma, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá þeim tíma. Hafi tiltekinn eindagi á greiðslu kaupverðs eigi verið ákveðinn, þá á kaupandi að svara þessum vöxtum frá þeim degi, er afhending fór fram, eða hafi kaupandi verið þess valdur, að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi, er sá dráttur hófst.

Í öðrum kaupum á kaupandi að svara 5% ársvöxtum af kaupverðinu frá eindaga þess, hvort sem tiltekinn eindagi er ákveðinn eða eigi. Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverðið var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá viðtöku reikningsins, án þess frekari kröfu þurfi um að gera.

Ákvæði 2. gr. í tilskipun 27. maí 1859 um vaxtahækkun frá þeim degi, er kröfuhafi leitar rjettar síns, skulu eigi gild vera frammar, þá er vextir eru taldir samkvæmt þessari grein.

39. gr.

Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð, þá er seljanda rjett að halda hinum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sje hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því, að hann sje afhentur búinu, uns nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Ef afhendingartími er kominn og búíð hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, þá má hann rifta kaup, ef hann vill.

Þessum fyrirmælum skal einnig beita, ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gjörð, að kaupandi hefir eigi efni á að greiða skuld sína, eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má, að hann geti eigi greitt kaupverðið, þá er það fellur í gjalddaga.

40. gr.

Ef bú kaupanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskifta, en hvorki er kominn sá tími, er seldan hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, þá getur seljandi skorað á búíð að lýsa yfir því, hvort það vil ganga í kaupin, og lýsi búíð þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan fjöggra vikna eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyr að höndum, að það vilji í kaupíð ganga, þá má seljandi rifta kaupíð.

41. gr.

Hafi hinn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búíð var fram-selt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverðið er eigi greitt, á seljandi rjett á að heimta hlut sinn aftur, nema búíð lýsi yfir því, að það vilji í kaupíð ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafist er. Hafi búíð látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, þá er seljanda rjett að líta svo á, sem búíð hafi gengið í kaupíð.

Um það er seldum hlut er áfátt.

42. gr.

Nú er ákveðinn hlutur seldur og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Ef gallinn verður að teljast óverulegur, getur kaupandi ekki riftað kaupíð, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

Nú skortir hluti, þá er kaup gerðust, einhverja þá kosti, er ætla má að

39 19. júní áskildir væru, eða það, sem hlutnum er áfátt, hefir gerst fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gjörð, eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta.

43. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem til teknir eru eftir tegund, og þeir reynast gallaðir þá er þeim er skilað, getur kaupandi rift kaupid eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

Ef telja verður það óverulegt, sem að hlutunum er, þá verður ekki kaup rift nje annara hluta krafist í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það, sem áfátt var, svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

Enda þótt seljanda sje ekki um að kenna það, sem að söluhlutnum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrir-mælum 24. gr. eftir því sem við á.

44. gr.

Nú skal úr því skera, hvort söluhlutur sje áfátt, og verður þá að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því aðeins, að vanhírðu seljanda sje um að kenna, það sem áfátt er.

45. gr.

Nú er kaup rift sakir þess, að söluhlutur er áfátt, og skal þá einnig fara eftir fyrir-mælum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

46. gr.

Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi hina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sjestakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkvæmt 42. og 43. gr. að eins rift kaup að því, er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því, sem eftir er að afhenda, ef við má búast, að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift alt kaupid, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

47. gr.

Hafi kaupandi raðnsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrirfarast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gjörðust, getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.

48. gr.

Ef hlutur er seldur á uppboði, getur kaupandi ekki borið fyrir sig neinn

galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkendur með við sölnuna, eða seljandi hefi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði. 39
19. júní

49. gr.

Nú býðst seljandi til að bæta úr göllum, sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gjört áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sje það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

Þessi fyrirmæli hafa engin áhrif á rjett kaupanda til skaðabóta.

50. gr.

Fyrirmæli laga þessara um galla á söluhlut eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð, stærð eða þungi þess, sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlast sje til að það, sem afhent er, sjeu fullar efndir þess, sem um var samið. Þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafist annara hluta í stað þeirra, sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sjer sje afhent það, sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess, sem afhenda átti.

51. gr.

Sje um verslunarkaup að tefla, og sje söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða sýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verslunartíska heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara og kaupanda hefir verið gjörður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkvæmt 56. gr.

52. gr.

Komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla, en ella án ástæðulauss dráttar. Nú hefir kaupandi orðið þess var að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hjer er fyrir mælt, þá getur hann eigi síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið.

Ef kaupandi vill rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra, sem hann hefir fengið, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar; ella missi hann rjett sinn til þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.

39

19. júní.

Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rjett sinn til þess að bera fyrir sig, að söluhlutur hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sjer vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sjer talsvert tjón fyrir kaupanda.

53. gr.

Nú er ár liðið frá því er seljandi fekk söluhlutur í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma, eða haft svik í frammi.

Fyrirmæli um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaup.

54. gr.

Hafi kaupandi fengið hlutur í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, þá er hann skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

55. gr.

Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveislu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveislu á kostnað seljanda.

Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi farmskírteinis eða annar, sá er fyrir seljanda hönd getur annast um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörslur án þess að greiða andvirði hans eða baka sjer annan verulegan kostnað eða óþægindi.

Hafi kaupandi tekið hlutinn í sínar vörslur, eiga við fyrirmælin í næstu grein hjer á undan.

56. gr.

Sje kaup riftur, á seljandi ekki rjett á að fá hlutinn aftur, nema hann skili aftur því, er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rjett á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aftur því, er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í, er hann tók við því.

Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skifta á hlutum, og á hann þá rjett á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum þeim, er honum ber, eða setur nægilega trygging fyrir þeim.

58. gr.

39

19. júní.

Jafnvel þótt hluturinn sje forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupid, þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hjer á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rjett til að rifta kaupin.

Um vanheimild.

59. gr.

Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gjörðust, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rjett til skaðabóta.

Um kaup til reynslu.

60. gr.

Ef hlutur er keyptur til reynslu eða með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupid er fullgert, og hluturinn hefir verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan tiltekins tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími var fastákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

Um tilkynningar eftir lögum þessum.

61. gr.

Ef slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52., og 54. gr., er afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rjett við það, að tilkynningunni seinkar eða að hún kemur eigi til skila.

Hið sama gildir um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr.

62. gr.

Ef varningur er seldur „frítt á skipsfjöl“ (fob.) á tilteknum stað, verður kaupandi að útvega skip eða rúm í skipi til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, er farmsendanda er skylt að gera, eftir því sem lög áskilja á þeim stað eða venja er til.

Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sje ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó kaupandi hafi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum, leiðir ekki af því, að kaupandi sje skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess rjettar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

Kaupandi er skyldur að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því, sem ákveðið er í 71. gr., þó að ekki sje svo sjerstaklega um samið.

63. gr.

Ef varningur er seldur „flutnings-frítt“ (Cost and freight, c & f., c f) skal seljandi annast og kosta sending hans til viðtökustaðar.

Nú er varningur afhentur flutningsmanni eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sje ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, sem seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó að ekki sje sjerstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. grein.

Þótt andvirði sje ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til viðtökustaðarins, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess að reikna sjer þó vöxtu af því.

64. gr.

Nú er varningur seldur „cif“ (cost, insurance, freight) eða „caf“ (coút, assurance, fret), og gilda þá fyrirmælin í næstu grein hjer á undan.

Auk þess á seljandi að annast venjulega váttrygging fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta sendingar, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Láti seljandi hjá

líða að vátryggja þannig varninginn, enda sje kaup eigi fyrir þá skuld rift, þá 39
getur kaupandi heimað batur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af 19. júní
vanhírðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátrygt varninginn og dregið þann
kostnað frá andvirði varningsins.

65. gr.

Nú er varningur seldur, „afhentur“ eða „frítt“ (franko) á tiltekinn stað, og telst hann þá ekki afhentur fyr en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sending varnings þangað, og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sje ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann kom til skila. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Sje orðið „afhent“ notað í sambandi við „flutningsfrítt“ „c og f“ „cf“, „cif“ eða „caf“, þá hefir merking orðsins „afhent“ engin áhrif á tjeð sölu-skilyrði.

66. gr.

Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð, t. d. „cirka“, „frá — til“ eða því um líkt, þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sje ljóst af atvikum, að svigrúmið sje ætlað kaupanda til hagsmuna.

Ef orðið „cirka“ er notað eða „hjer um bil“, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að tefla, en 5% ella.

67. gr.

Nú er seldur „farmur“, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rjett á skaðabótum.

68. gr.

Ef svo er til skilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka „í byrjun“ („primo“) í „miðju“ („medio“) eða „í lok“ („ultimo“) mánaðar, er það að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, merkir „primo“ fyrsta virkan dag í mánuði, „medio“ fimtánda dag í mánuði, eða næsta virkan dag á eftir, ef sá dagur er heilagur, „ultimo“ síðasta virkan dag í mánuði.

39

19. júní.

69. gr.

Hafi seljandi skuldbundið sig til að senda frá sjer varning á ákveðnum fresti, skal svo álíta, að varan hafi afhent verið á rjettum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, áður en sá frestur er liðinn.

Sje farmskírteini gert um sendinguna og beri það ekki með sjer, að varan hafi afhent verið á rjettum tíma, getur kaupandi hafnað vörinni.

70. gr.

Ef áskilin er „borgun út í hönd“, er kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til umráða (sbr. 14. og 15. gr.).

71. gr.

Hafi kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirði við meðtöku farmskírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent farmskírteini, má hann ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sje ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er greiðslu er krafist eða víxil-samþykkis gegn afhendingu farmskírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátbyggja varninginn, verður vátbyggingskírteini að fylgja farmskírteini.

Það, sem hjer er mælt, á einnig við, þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku slíks farmbrjefs, sem um er getið í 16. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.